



# Aðrar stefnur sem tengjast kvikmyndastefnu

**Viðauki III** við kvikmyndastefnu  
frá verkefnahópi sem vann að mótun  
kvikmyndastefnu til ársins 2030

# Yfirlit yfir þær stefnur sem hafa áhrif á kvikmyndastefnu

## Menningarstefna

Fjórir meginþættir lagðir til grundvallar í menningarstefnu:

- Sköpun og þátttaka í menningarlífinu.
- Gott aðgengi að listum og menningararfi
- Samvinna stjórnvalda við þá fjölmörgu sem starfa á sviði menningar
- Þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu.

Menntastefna „Menntun og hæfni einstaklingsins er lykilforsenda þess að Ísland mæti áskorunum framtíðarinnar sem felast í örum breytingum á samfélagi, náttúru og tækni og skapi úr þeim ný tækifæri. Á þann hátt verður Ísland eftirsóknarverður áfangastaður til búsetu, náms og vinnu.“

## Nýsköpunarstefna

„Árið 2030 verði Ísland land sem nýtir sér smæðina sem styrkleika og er vel tengt alþjóðlegu umhverfi vísinda, nýsköpunar, menningar og athafnalífs og í stakk búið til að fjármagna hugvitsdrifna nýsköpun.“

„Á Íslandi þarf að vera til staðar fólk sem býr að þeirri þekkingu og færni sem þarf til þess að standast alþjóðlega samkeppni og íslensk fyrirtæki þurfa að geta laðað til landsins sérhæft erlent starfsfólk.“

## Framtíðarstefna fyrir íslenskan útflutning

„Að Ísland verði þekkt sem leiðandi land á sviði sjálfbærni. Að auka aðdráttarafli Íslands sem vettvang fyrir skapandi starfsemi.“  
„Væntingar eru um að auka megi slagkraftinn fyrir Ísland í heild og þar með gjaldeyristekjur, ekki síst á sviðum á borð við kvikmyndagerð og tölvuleikjageirann þar sem margar skapandi greinar koma saman í hverju verkefni.“

## Byggðaaætlun og sóknaráætlanir landshluta

Markmið byggðastefnu er að jafna tækifæri til atvinnu, meðal annars með því að efla skapandi greinar sem vaxandi atvinnuveg á Íslandi og auka möguleika listamanna til búsetu um allt land og

**skapa skilyrði til atvinnustarfsemi á sviði lista á öllu landinu. Einnig að stuðla að sjálfbærri þróun byggða, meðal annars á grundvelli sóknaráætlana.**

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

**Stefnan styður sérstaklega við og hvetur til þess að horft sé til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna nr. 5 um jafnrétti kynjanna, nr. 8 um góða atvinnu og hagvöxt, nr. 9 um nýsköpun og uppbyggingu og nr. 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu.**